

Bæjarráð Hafnarfjarðar.

### Efni: Byggingarframkvæmdir við Fjörð - Lokun Strandgötu

Beiðni um tímabundna lokun og færslu akstursleiðar um Strandgötu vegna byggingarframkvæmda við Fjarðargötu 13-15.

#### Inngangur

220 Fjörður ehf. er nú að vinna að framkvæmdum við 8.700m<sup>2</sup> viðbyggingu við Fjarðargötu 13-15 í miðbæ Hafnarfjarðar.

Öll aðkoma að framkvæmdasvæðinu er erfið og þröng og því óhjákvæmilegt að eitthvað ónæði verði vegna byggingarframkvæmdanna.

Lóðarhafi ásamt byggingarverktaka byggingarinnar, GG verk hafa haft samráð við Hafnarfjarðarbæ með því markmiði að finna sem besta lausn á aðkomu steypubíla og efnisflutninga að og frá framkvæmdasvæðinu.

Í framhaldi af því samráði, til að tryggja öryggi vegfaranda og starfsmanna framkvæmdaaðila, óskar 220 Fjörður eftir leyfi Hafnarfjarðarbæjar til að loka fyrir umferð ökutækja um hluta Strandgötu meðan á framkvæmdum stendur eins og meðfylgjandi teikning sýnir.

Óskað er eftir leyfi til að snúa við einstefnu um Gunnarssund og mynda þannig hjáleið vegna lokunar Strandgötu fyrir framan Strandgötu 31 (bókaverslun Eymundsson).

Óhjákvæmilegt er að við lokun munu tvö nyrstu bílastæðin framan við Strandgötu 31-33 leggjast af á meðan lokun stendur yfir en önnur bílastæði munu standa óhreyfð, þó vissulega verði brottakstur úr þeim fyrir vikið ögn flóknari en áður.

Gera má ráð fyrir að lokunin standi yfir í tæp tvö ár eða til vorsins 2025. Engu að síður verði skoðað í lok uppstepufasa vorið 2024, í samráði við Hafnarfjarðarbæ, hvort minnka megi umfang lokunar, t.d. með því að færa hana út fyrir bílastæðin tvö.

Gangandi umferð yrði óhindruð á norðurhluta Strandgötu.



GBH  
1/2

**Samantekt – óskað er eftir:**

- a. Akstursstefnu um Strandgötu verði breytt tímabundið í 1-2 ár, er verið að tala um akstur bakvið húsin Strandgötu 31 og 33. Strandgata verði að hluta lokuð við Strandgötu 31-33 og akstri ökutækja sem leið eiga um Strandgötu beint aftan við bygginguna og niður Gunnarssund.
- b. Auk ofangreinds óskar undirritaður eftir að fá heimild Hafnarfjarðarbæjar til að loka allri Strandgötunni í kringum 15 ágúst í 2 – 4 daga þar sem þarf að koma stórum byggingarkrana fyrir á byggingarsvæðinu.

Hafnarfirði 1. ágúst 2023

F.h 220 Fjörður

G. Bjarni Harðarson

Kveðja / Regards

**Guðmundur Bjarni Harðarson**

Framkvæmdarstjóri Fjarðar

+354 615-0009